



Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri  
Ráðhúsi Hafnarfjarðar, Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068  
postur@mrm.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 26. september 2012  
Tilv.: MMR12090224/2.2.5.2-

Efni: Óskað tilnefninga í skólanefndir Iðnskólans í Hafnarfirði og Flensborgarskólans

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.


Skipunartíma núverandi skólanefnda við framhaldsskóla í Hafnarfirði lýkur á næstunni. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Hafnarfjarðarbær tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefndir Iðnskólans í Hafnarfirði og Flensborgarskólans.


Samkvæmt 15. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skal við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.


Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir karlar og tvær konur í hvora skólanefnd. Ráðherra skipar í nefndirnar og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðila er heimilt að vika frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess.

Mælst er til þess að tilnefningarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. nóvember næstkomandi. Vinsamlegast látið fylgja heimilisfang og kennitölu tilnefndra aðila.

Fyrir hönd ráðherra  
  
Arnór Guðmundsson

  
Ólafur Sigurðsson

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3.10.2012
Málsnr:	1210069
Bréfali:	224